

Ragnheiður Gestsdóttir

Ritunarverkefni með

Völusteini



NÁMSGAGNASTOFNUN 2007

Verkefni

- Viðtal:** Róbinson Krúsó
- Samtal:** Vesturfarar
- Sendibréf:** Vesturfarar
- Munnleg frásögn:** Vesturfarar
- Frétt:** Hellismannasaga
- Ævintýri:** Karlsdóttir og Krákudóttir
- Bundið mál og óbundið:** Öskubuska
- Ljóðagerð:** Grímuballið
- Sögugerð:** Líska eða Lotta
- Frétt:** Að mæla tímann
- Leikritagerð:** Mánuðirnir tólf
- Sögugerð:** Fortíð, nútíð, framtíð
- Með og á móti:** Völusteinn
- Orðaforði:** Völusteinn

Róbinson Krúsó

Fréttamenn útvarps og sjónvarps og blaðamenn sem taka viðtöl þurfa að vita fyrirfram um hvað þeir ætla að spyrja viðmælendur sína.

- Hugsaðu þér að nýbúið sé að bjarga Róbinson Krúsó af eyðieyjunni þar sem hann dvaldi árum saman. Þú ert blaðamaður sem Róbinson vill veita viðtal. Um hvað myndir þú spyrja hann?

Skrifaðu að minnsta kosti fimm spurningar.

Vesturfarar

Þið þekkið eflaust mörg að það getur verið erfitt að flytja milli hverfa eða bæja, að þurfa að byrja í nýjum skóla og eignast nýja féлага. Hugið ykkur hvernig hefur verið fyrir þau börn sem fluttust til Vesturheims að kveðja allt sem þau þekktu og halda út í óvissuna í nýju landi.

- Við hverfum aftur til ársins 1875. Nú skaltu búa til stutt samtal milli Siggu, 11 ára stelpu sem er að flytja með fjölskyldu sinni til Kanada og besta vinar hennar, Skúla. Áður en þú byrjar skaltu skoða í bókinni þinni hvernig samtalspættir eru settir upp á síðuna.

Sigga: Ég er komin til að kveðja þig.

Skúli: Kveðja mig? Hvað áttu við?

Vesturfarar

Á dögum Vesturfaranna var ekki auðvelt að hafa samband við vini og ættingja sem bjuggu langt í burtu. Bréfaskriftir voru eina leiðin til að fá fréttir eða segja tíðindi og bréfin voru lengi á leiðinni. Fólk vandaði sig við bréfaskriftirnar því viðtakendur geymdu bréfin og lásu aftur og aftur.

- Hugsum okkur nú að Sigga setjist við og skrifi Skúla vini sínum bréf. Hún hefur frá mörgu að segja. Fyrsti veturinn í Kanada er að baki. Ferðalagið var líka ævintýralegt, Sigga fór með skipi yfir hafið og lenti í óveðri á leiðinni. Við komuna til Kanada sá hún margt nýtt, til dæmis stór hús, há tré og járnbrautarlestir. Ljúktu við bréfið hennar Siggu.

Kæri Skúli!


Nú er vorið komið hér á Gimli og ég hef von um að koma bréfi til þín áleiðis með póstinum. Veturinn var ...

Vesturfarar

Í kaflanum um Vesturfarana er frásögn af komu Kára og fjölskyldu hans til Kanada og kynnum þeirra af hjálpsömum frumbyggja. Nú skaltu undirbúa þig undir að segja þessa sögu.

- Búðu til orðalista sem hjálpar þér að muna það sem mestu máli skiptir.
- Þú getur líka teiknað litlar skýringarmyndir til að minna þig á aðalatriðin.
- Segðu svo söguna með þínum eigin orðum og hafðu listann til hliðsjónar.

Dæmi um orðalista:



Hellismannasaga

Nú hefur þú lesið söguna um Hellismenn og veist hvernig Eiríkur á að hafa hefnt sín. Það vakti óskipta athygli þegar ókunna kaupskipið kom að landi við Reykjavík. Hugsaðu þér að til hefðu verið dagblöð á þeim tíma sem sagan gerist og skrifaðu frétt um málið. Reyndu að vekja forvitni lesenda og gera fréttina spennandi.

- Áður en þú byrjar að skrifa sjálfa fréttina skaltu skrifa hjá þér einstök orð sem minna þig á aðalatriðin. Þessi orð sýna þér leiðina frá upphafi að enda:




Karlsdóttir og Krákudóttir

Ævintýrið um Karlsdóttur og Krákudóttur býr yfir eiginleikum sem þið þekkið úr öðrum ævintýrum. Í ævintýrum er mikið um endurtekningar. Þar er líka oftast einhver bjargvættur sem kemur aðalpersónunni til aðstoðar. Þeir sem eru góðir og hjálpsamir fá laun fyrir þótt þeir þurfi að yfirstíga miklar hættur og erfiðleika, en þeir sem eru vondir og illgjarnir fá makleg málagjöld. Skriðu nú örstutt ævintýri þar sem einhver þessara einkenna koma fram. Byrjaðu á að skrifa orðalista?

Öskubuska

Kvæði, vísur, ljóð, stökur, þulur, romsur ... þessi orð eru notuð um bundið mál. Bundið mál kallast það þegar orðum er raðað saman eftir sérstökum reglum, eins og þið þekkið úr rímuðum ljóðum eða á óvenjulegan hátt eins og í órímuðum ljóðum. Venjuleg frásögn er aftur á móti óbundið mál.

- Þula Roalds Dahl um Öskubusku rekur atburðarásina í ævintýrinu á nokkuð annan veg en þið þekkið úr ævintýrabókum og teiknimyndum. Nú skaltu segja söguna eins og þulan greinir frá henni með þínum eigin orðum í óbundnu máli. Mundu að hafa setningarnar ekki of langar. Gott er að byrja á að gera orðalista svo ekkert mikilvægt gleymist í frásögninni.



Grímuballið

Þegar tækifæri gefst til að bregða á leik og fara í grímubúning sýna sumir hvað þá langar innst inni að vera eða hvernig þeir óska sér að aðrir sæju þá. Ljóð fjalla oft um hvað mann langar og hvað mann dreymir um. Nú skaltu ljúka við ljóðið hér að neðan með því að reyna að setja þig í spor þeirra sem velja sér grímubúninga. Bættu að minnsta kosti sex nýjum línnum við ljóðið.

Mig langar að ráða, hugsar Vala.

Ég vel mér löggubúning.

Mig langar að geta flogið, hugsar Darri.

Ég vil vera ...

Lísa eða Lotta?

Kaflinn í bókinni ykkar sem fjallar um tvíburasysturnar Lísu og Lottu segir frá því þegar þær komust að því að þær væru systur. Þær ákváðu svo að skipta um hlutverk til að kynnast foreldrum sínum og lífi hvor annarrar. Þú hefur eflaust lesið aðrar sögur eða séð kvikmyndir þar sem fólk skiptir um hlutverk við einhvern annan, annaðhvort óvart eða viljandi.

- Hugsaðu þér að þú skiptir um hlutverk við einhvern á þínum aldri. Það getur verið besti vinur þinn eða vinkona, krakki í fjarlægju og framandi landi eða á allt öðrum tíma, í fortíð eða framtíð. Lýstu í stuttu máli degi í þessu nýja lífi, bæði hjá þér og hjá þeim sem þú skiptir við. Gott er að byrja á að gera orðalista.

Að mæla tímann

Við erum orðin svo vön því að miða líf okkar við klukkuna að það yrði okkur eflaust erfitt að hætta því allt í einu. Hugsum okkur að dag nokkurn hefðu allar klukkur á Íslandi stöðvast. Hvað myndi gerast?

- Búðu til orðalista yfir það sem þér finnst þurfa að koma fram áður en þú skrifar fréttina.
- Þú getur líka teiknað litlar skýringarmyndir til að hjálpa þér að muna aðalatriðum.
- Skrifaðu svo fréttina og hafðu orðalistann til hliðsjónar.

Mánuðirnir tólf

Þú hefur eflaust tekið eftir því að leikrit eru sett upp öðruvísi en venjuleg frásögn. Um uppsetningu leikrita gilda ákveðnar reglur. Skoðaðu vel hvernig einhver leikpáttanna í bókinni er settur upp á síðuna. Veldu þér svo stutt samtal milli tveggja eða fleiri persóna í sögunni *Mánuðirnir tólf* og skrifaðu það í leikritsformi hér að neðan.

Fortíð, nútíð, framtíð

Krakkarnir í leikpættinum sem nefnist *Fortíð, nútíð, framtíð* finna gamla blaðgrein frá 1950 með hugmyndum barna um hvernig heimurinn yrði árið 2000. Nú skalt þú sleppa ímyndunaraflinu lausu og hugsa þér hvernig heimurinn gæti orðið eftir um það bil fimmtíu ár.

- Lýstu í stuttu máli hvernig venjulegur dagur er hjá þér og fjölskyldu þinni er árið 2050. Byrjaðu á að gera orðalista.

Með og á mót

Vala, aðalpersóna sögunnar Völusteinn, er við upphaf sögunnar ekki alveg sátt við að vera tólf ára. Eflaust finnst þér líka stundum erfitt að vera krakki en vonandi eru þeir dagar fleiri sem þér líkar það vel. Skrifaðu nú tvo lista hér að neðan. Öðrum megin skrifarðu það sem þér finnst gott við að vera á þínum aldri, hinum megin það sem þér þykir neikvætt. Hvor listinn skyldi verða lengri?

Jákvætt

Neikvætt

Orðaforði

Nú hefur þú lokið við að lesa bókina *Völusteinn*. Vonandi hefur þú skemmt þér við lesturinn. Eflaust hefur þú rekist á eitthvað af skrýtnum orðum í texta bókarinnar. Sum voru kannski auðskilin þótt þú hefðir ekki heyrt þau áður en önnur þannig að þú þurftir að leita skýringa á merkingu þeirra.

- Flettu nú í gegnum bókina og rifjaðu upp að minnsta kosti 10 ný, skrýtin eða skemmtileg orð sem þú hefur lært við lesturinn. Skriðu þau hér að neðan og láttu útskýringu fylgja. Ef orðin eru ekki skýrð í bókinni geturðu flett þeim upp í orðabók. Dæmi um orðskýringu er á bls. 4 í bókinni *Völusteinn*.
